

2. FEBRÚAR
2023

HARPA
ELDBORG

Osmo og Erin



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Forleikur 12'

Konsert 25'

Sinfónía 40'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Osmo og Erin

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Osmo Vänskä

Hljómsveitarstjóri

Erin Keefe

Einleikari

Osmo Vänskä

Forleikur (2021)

Kurt Weill

Konsert fyrir fiölu og blásara op. 12 (1924)

Andante con moto

Notturmo: Allegro un poco tenuto - Cadenza:

Moderato - Serenata: Allegretto

Allegro molto, un poco agitato

Hié

Felix Mendelssohn

Sinfónía nr. 3 op. 56 – „Skoska sinfónían“ (1842)

Andante con moto – Allegro un poco agitato

Vivace non troppo

Adagio

Allegro vivacissimo – Allegro maestoso assai

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Osmo Vänskä

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Osmo Vänskä var um árabíl aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar í Bandaríkjunum og gegnir stöðu heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur allt frá því að hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar árin 1993–96 og aðalgestastjórnandi hennar 2014–19. Frá 2011 hefur hann komið árlega til þess að stjórna hljómsveitinni og auk þess stýrnaði hann Fílharmoníuhljómsveit Lundúna á tónleikum hennar í Eldborg árið 2014. Vänskä gegndi einnig stöðu aðalhljómsveitarstjóra við Fílharmoníusveitina í Seúl í Suður-Kóreu 2020–22.

Vänskä er klarínnettuleikari og starfaði áður sem slíkur við fílharmoníusveitirnar í Turku og Helsinki. Hann lærði hljómsveitarstjórn við Sibelíusar-akademíuna og hlaut fyrstu verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Í framhaldi af því vann hann sér sess sem afburða hljómsveitarstjóri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, þar sem hann var aðalstjórnandi í tvo áratugi, og BBC-hljómsveitinni í Skotlandi.

Vänskä hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með Minnesota-hljómsveitinni en það hófst árið 2003. Hljómsveitin hljóðritaði meðal annars allar sífóníur Beethovens undir hans stjórn og sagði gagnrýnandi New York Times um þann flutning að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“. Þá hafa Vänskä og Minnesota-hljómsveitin einnig hljóðritað allar sífóníur Sibelíusar á þremur diskum og hreptu Grammy-verðlaunin fyrir einn þeirra. Þessar hljóðritanir koma allar út á vegum sænska forlagsins BIS en það hefur einnig gefið út tvo diska með verkum eftir Jón Leifs í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Vänskä.

Osmo Vänskä er fastagestur hjá fremstu hljómsveitum austan hafs og vestan. Má þar nefna fílharmoníusveitirnar í New York og Los Angeles, Cleveland- og Fíladelfíu-hljómsveitirnar, sífóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og San Francisco, Berlínarfílharmoníuna, helstu hljómsveitir Lundúnaborgar, Fílharmoníusveit Vínarborgar, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam og Gewandhaus-hljómsveitina í Leipzig.



Erin Keefe

EINLEIKARI

Bandaríski fiðluleikarinn Erin Keefe er konsertmeistari Minnesota-hljómsveitarinnar og hefur hlotið fjölda verðlauna í alþjóðlegum fiðlukeppnum, meðal annars í Carl Nielsen-keppninni þar sem hún hlaut silfurverðlaun. Hún hefur komið fram sem einleikari með fjölda hljómsveita í Bandaríkjunum og Evrópu, til að mynda Minnesota-hljómsveitinni og Fílharmoníusveitinni í Turku, og leikur einnig með Kammer-tónlistarfélagi Lincoln Center. Þá hefur hún einnig leikið sem gestakonsertmeistari með hljómsveitum á borð við Fílharmoníusveitina í New York, Sinfóníuhljómsveitina í Pittsburgh og Fílharmoníusveitina í Seúl. Þá má nefna að Keefe er félagi í Accordo-strengjasveitinni og hefur komið reglulega fram með kammersveitum í Brooklyn og Boston.

Keefe er margverðlaunuð fyrir leik sinn en hefur meðal annars hlotið verðlaun kennd við Avery Fisher auk hinna alþjóðlegu Pro Musicis-verðlauna.

Keefe hefur leikið með fjölda þekkra tónlistarmanna, meðal annars með Emerson-strengjakvartettinum, Richard Goode og Leon Fleisher, og hefur hljóðritað meðal annars fyrir Deutsche Grammophon og Naxos.

Hún stundaði nám við Curtis-tónlistarháskólann í Filadelfíu og lauk síðar meistaragráðu í fiðluleik frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York. Hún kennir nú við Curtis-tónlistarháskólann.

Keefe leikur á fiðlu smíðaða af Nicolo Gagliano árið 1732.



Osmo Vänskä

FORLEIKUR

Heimsfaraldur kórónaveiru lagðist þungt á heimsbyggðina og olli miklum búsifjum, sem kunnugt er. Auðvitað lá tónleikahald meira og minna niðri í hálf tannað ár en Osmo Vänskä (f. 1953) nýtti tímann vel, ekki aðeins til þess að grúska í ólíkum raddskrá, heldur líka til þess að semja sjálfur. Hann er okkur Íslendingum auðvitað langkunnastur sem hljómsveitarstjóri en hann er einnig tónskáld og klarínnettuleikari, hann lék meðal annars sem slíkur í Fílharmóníusveitinni í Helsinki.

Forleikinn sem hljómar á þessum tónleikum samdi Osmo einmitt í miðjum heimsfaraldri og skiptast þar á ómstríð stef og hljómfagrir kaflar. Verkið kallar á alls 14 ólík slagverkshljóðfæri sem eru áberandi í verkinu, til að mynda bongótrommur, kúabjöllur og klukkaspil. Osmo samdi verkið sérstaklega sem nokkurs konar fylgirödd við fiðlukonsert Kurts Weill sem hljómar einmitt næst á þessum tónleikum.

Forleikurinn var frumfluttur í júní árið 2021 af Minnesota-hljómsveitinni. Tónskáldið sjálf stjórnaði frumflutningnum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikurinn hefur aldrei áður verið fluttur á Íslandi. Hér er því um frumflutning að ræða hér á landi.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fiðlukonsert Weills hefur aldrei áður verið fluttur á Íslandi. Hér er því um frumflutning að ræða hér á landi.

Kurt Weill

FIÐLUKONSERT OP. 12

Kurt Weill (1900–50) er okkur kunnastur fyrir samstarf sitt við leikskáldið Bertold Brecht en það gat meðal annars af sér *Túskildingsóperuna* (1928) – verk sem sló rækilega í gegn á dögum Weimar-lýðveldisins og er enn í dag mikið flutt. Weill, sem hlaut bestu tónlistarmenntun sem völ var á, vildi með verkum sínum velta í rústir og byggja á ný. Þannig vildi hann breyta ríkjandi viðhorfum með verkum sínum, ekki hvað síst með strangri ádeilu. En áður en samstarf þeirra Brechts hófst hafði Weill samið bæði fiðlukonsertinn sem hljómar hér í kvöld og svo fyrri sinfóníuna af tveimur sem hann samdi um ævina. Konsertinn er eitt áhugaverðasta verk sem Weill samdi, en þar má heyrna áhrif bæði frá djassi og tónlist Stravinskíjs.

Konsertinn, sem er skrifaður fyrir einleiksfíðlu, blásara og slagverk, var saminn í apríl og maí árið 1924 og var frumfluttur í París hinn 11. júní 1925. Hann var að vísu saminn fyrir Joseph Szigeti, en það kom í hlut Marcel Darrieux að frumflytja verkið (hann hafði einmitt frumflutt fyrsta fiðlukonsert Prokofjevs tveimur árum áður). Konsertinn gerir miklar kröfur til bæði einleikara og hljómsveitar og fór svo að þegar hann var frumfluttur í Dessau í Þýskalandi réði hljómsveitin ekki við flutninginn. Það varpaði nokkrum skugga á verkið í öndverðu og óttaðist Weill meðal annars um orðspor þess. Fór þó svo að konsertinn var töluvert mikið fluttur á þriðja áratugi 20. aldar en féll svo að mestu í gleymsku uns áhugi á verkinu tók að vakna á ný á umliðnum árum.

Konsertinn samanstendur af þremur samhangandi köflum þar sem næturljóðið (*Notturmo*) í miðjunni myndar hryggjarstykki verksins, en í fyrsta kaflanum heyrum við Weill vitna meðal annars í *Dies irae*-stefið fræga. Andstæður kallast á og við heyrum hljómsveitina endurtaka á stöku stað strófur einleikarans. Þriðji þátturinn er án efa æsilegastur, undir áhrifum af tarantella-dansi.



Felix Mendelssohn

SINFÓNÍA NR. 3 OP. 56 – „SKOSKA SINFÓNÍAN“

Engum blöðum er um það að fletta að Felix Mendelssohn (1809–1847) er eitt mesta undrabarn tónlistarsögunnar. Sextán ára gamall hafði hann til að mynda samið fjórtán sinfóníur fyrir strengi auk einnar fyrir fullskipaða hljómsveit. Hann var kominn af menntafólki, var af gyðingættum en var skírður, ásamt systkinum sínum, á barnsaldri til þess að njóta fullra borgaralegra réttinda. Hann naut bestu fánlegrar menntunar og var engu til sparað í þeim efnum.

Mendelssohn samdi alls fimm númeraðar sinfóníur. *Skoska sinfónían* var sú síðasta sem hann lauk endanlega við (þrátt fyrir að fá á endanum númerið þrjú) og tónskáldið lauk ekki við smíði hennar fyrr en árið 1842; verkið átti sér hins vegar nokkuð langan aðdraganda. Þannig tíðkaðist það á hefðarheimilum á dögum Mendelssohns að senda unga pilta í ferðalög til þess að gera þá fullnuma, vikka sjöndeildarhringinn og kynnast menningu og siðum annarra landa af eigin raun. Árið 1829 hélt Mendelssohn því í ferðalag til Englands, Ungverjalands, Ítalíu og Suður-Þýskalands. Á Englandi kom hann meðal annars fram sem píanóleikari og hljómsveitarstjóri og vakti stormandi lukku, ekki hvað síst fyrir flutning á Keisarakonserti Beethovens (sem hann lék utanbókar, en slíkt tíðkaðist ekki á hans dögum).

Á meðan á dvölinni á Bretlandseyjum stóð fór Mendelssohn til Skotlands og heimsótti meðal annars Holyrood-kastalann í nágrenni Edinborgar. Heimsóknin hafði mikil áhrif á hann og ritaði hann í bréfi til fjölskyldu sinnar hinn 30. júlí 1829:

„Í kvöldhúminu heimsóttum við höllina þar sem María drottning bjó ... þakið var hrunið, gras og klifurjurtir uxu um allt og þarna mátti sjá brotið altari þar sem María var krýnd drottning Skotlands. Allt er hrörlegt og úr sér gengið, þakið hrunið svo sjá má upp í heiðan himininn ... Ég held ég hafi fundið upphafið að *Skosku sinfóníunni* minni.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Skoska sinfónía

Mendelssohns var frumflutt á Íslandi af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1959. Síðan þá hafa eftirfarandi hljómsveitarstjórar haldið um tónsprotann hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands: Jindrich Rochan (1962), Paul Zukofsky (1978), Guðmundur Emilsson (1983), Edward Serov (1993), Rico Saccani (1999), Kirill Karabits (2009) og Ilan Volkov (2013).

Fyrstu drög verksins eru einmitt dagsett þennan sama dag og bréfið var ritað en nokkur töf varð á því að tónskáldið lyki við verkið sem var ekki fyrr en árið 1842; raunar lauk hann við að semja fjölmörg önnur verk í millitíðinni, þar á meðal óratóriuna *Paulus. Skoska sínfónían* var svo loks frumflutt í Leipzig í mars 1842 undir stjórn tónskáldsins, en Mendelssohn gegndi þá stöðu tónlistarstjóra borgarinnar. Verkið tileinkaði hann Viktoríu drottningu. *Skoska sínfónían* hlaut afar góðar viðtökur; hún skiptist í fjóra kafla, innbyrðis tengda, sem renna saman í eina heild.

Raunar fór það svo að þrátt fyrir miklar vinsældir á meðan hann lifði, fór orðspor Mendelssohns hratt dvínandi að honum látnum. Kom þar til andúð á gyðingum en kaflaskil í þeim efnum urðu þegar greinin *Gyðingdómur í tónlist* birtist í víðlesnu þýsku tónlistartímariti árið 1850. Greinin var birt undir dulnefni en síðar átti eftir að koma í ljós að höfundurinn var Richard sjálfur Wagner, sem í greininni harmaði meðal annars áhrif gyðinga í þýsku tónlistarlífi. Þessi andúð var ríkjandi allt fram yfir valdatíma nasista en eftir miðja 20. öld fóru vinsældir Mendelssohns að aukast á ný og nú á dögum njóta tónsmíðar hans mikillar hylli.

Magnús Lyngdal Magnússon

Á döfinni

09.02 FIMMTUDAGUR
KL.20:00



Á ferð og flugi

Á þessum tónleikum gefst áheyrendum tækifæri til þess að sitja kyrrir á sama stað en vera samt að ferðast – bæði aftur í tímann og út í geim. Hinn frægi inngöngumars Händels, The Arrival of the Queen of Sheba, er ættaður úr oratoríunni Salómon þar sem frásögn Gamla testamentisins af komu drottningarinnar af Saba til Ísraels liggur til grundvallar. Marsinn hljómar þó iðulega einn og sér, en hann var meðal annars fluttur við opunarhátíð Ólympíuleikanna í Lundúnum árið 2012. Verk Kaiju Saariaho, Asteroid 4179: Toutatis, lýsir í tónum ferð loftsteins sem flýgur nærri jörðu. Það var pantað af Berlínarfílharmóníunni og frumflutt undir stjórn Sir Simons Rattles. Meistaraverk Mahlers, Söngvar fòrusveins, bindur saman ástarraunir og náttúrumyndir á hrifandi gönguför í anda þýsku rómantíkunnar. Einsöngvarinn, Jóhann Kristinsson, hefur getið sér gott orð, bæði sem ljóða- og óperusöngvari og sló í gegn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á síðasta starfsári þegar hann söng barítónhlutverkið í Þýskri sálumessu Brahms. Í lok tónleikanna er haldið á haf út, en La mer er hið mikilfenglegasta af hljómsveitarverkum Debussys, eins konar sífónía um hafið, vindinn og öldurnar.

23.02 FIMMTUDAGUR
KL.19:30



Hough leikur Rakhmanínov

Hinn heimspekkti píanóleikari, Sir Stephen Hough, kemur nú í annað sinn á starfsárinu fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands en samstarf hans við hljómsveitina heldur svo áfram á tónleikaferð um Bretland í apríl. Hann leikur nú hinn tilfinningaþrungna píanókonsert nr. 2 eftir Sergej Rakhmanínov en Hough hefur m.a. hljóðritað alla píanókonserta tónskáldsins með Sinfóníuhljómsveitinni í Dallas.

Eftir hlé verður svo 10. sífónía Shostakovítsj flutt en í viðtalsbókinni Testimony (Vitnisburður, 1979) segir Shostakovítsj m.a. um verkið: „Hún er Stalín og Stalínárin.“ Sannleiksgildi bókarinnar hefur verið dregið í efa en margir hafa þóst sjá lýsingar á einræðisherranum í tónlistinni sem fer allt frá því að vera innhverf og hæglát yfir í kaldhæðni og allt að því fullkomna heift. Þá notar tónskáldið nafn sitt í verkinu með eftirminnilegum hætti, það er að segja tónana d-es-c-h, sem hljóma í þriðja þætti verksins sem og í lokatöktum þess.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Emma Steele
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Kateryna Mysechko
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hekla Finnsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Hjörtur Eggertsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene
Constantin Glaner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Túba

Elliot Dushman

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
litrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækni maður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring